

2008 nr. 48 29. maí

Lög um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls

Tóku gildi 6. júní 2008. Breytt með L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

□ Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki [ráðuneytisins]¹⁾ og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

¹⁾ L. 126/2011, 479. gr.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.